Morgunblaðið
STOFNAÐ 1913
Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Útgefandi:
Óskar Magnússon

Ritstjórar:
Davíð Oddsson Haraldur Johannessen

Aðstoðarritstjóri:
Karl Blöndal

Sjálfstætt Ísland

Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér, hvar sem þú fer.
Ísland er landið, sem ungan þig dreymir.
Ísland í vonanna birtu þú sér.

Með þessum vísuorðum hefst hið fallega kvæði Margrétar Jónsdóttur sem fyrst var birt í Morgunblaðinu á þessum degi fyrir 60 árum. Þá var lýðveldið aðeins tíu ára og hefði varla getað fengið betri afmælisgjöf.

„Þjóðlífið er allt í örri framþróun," sagði í umfjöllun Bjarna Benediktssonar dómsmálaráðherra í blaðinu þann sama dag og hvort tveggja, kvæðið og skrif Bjarna, lýsti bjartsýni hins unga lýðveldis.

Tíu árum áður, á þeim degi sem lýðveldið var stofnað á fundi sameinaðs Alþingis á Þingvöllum, var Morgunblaðið gefið út í myndarlegri hátíðarútgáfu, Þjóðhátíðarblaði, þar sem aðdragandi lýðveldisstofnunarinnar var ýtarlega rakinn, meðal annars í skrifum Bjarna Benediktssonar, og fjallað um önnur mikilvægustu mál þjóðarinnar. Meðal þeirra voru undirstöðuatvinnuvegirnir og augljóst að þeir sem þar héldu á penna gerðu sér grein fyrir mikilvægi sjávarútvegsins. Og ekki leið á löngu þar til forystumenn þjóðarinnar höfðu aukið við landhelgina og með því undirstrikað þá bjartsýni og framfaraanda sem ríkti í hinu unga lýðveldi.

En þó að bjartsýni hafi verið ríkjandi við lýðveldisstofnunina og næstu árin á eftir fer því fjarri að fyrstu skrefin hafi verið auðveld. Þvert á móti var að mörgu að hyggja og forystumenn þjóðarinnar máttu hafa sig alla við að tryggja stöðu hennar, jafnt efnahagslega og að öðru leyti.

Í viðtalið við Morgunblaðið í dag gerir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, þetta að sérstöku umfjöllunarefni og bendir á að mikilvægt sé fyrir Íslendinga að átta sig á hve tæpt hafi staðið að tilraunin með lýðveldið tækist. Á síðari tímum hafi menn talið sjálfgefið og sjálfsagt að Ísland yrði lýðveldi og að auðvelt hafi verið að festa það í sessi, en hann telji, „að raunveruleg hætta hafi verið á því að tilraunin með íslenskt lýðveldi mistækist".

Það þurfti í senn talsverða bjartsýni, sjálfstraust hvers og eins og trú á eigin þjóð til að stíga það skref að gera Ísland að sjálfstæðu ríki við þær aðstæður sem ríktu innanlands og utan. Á okkar mælikvarða vantaði flest. Ísland var fátækt ríki, en tókst á fáeinum áratugum að lyfta sér upp á meðal ríkustu þjóða. Eins og forseti Íslands bendir á í viðtalinu í dag er það ekki lítið afrek, en þetta er árangur sem Íslendingar hafa náð með því að treysta á sjálfa sig. Þetta hefur náðst vegna fullveldis og sjálfstæðis landsins og þó að oft hafi verið reynt að tala trú landsmanna á sjálfum sér niður til að sannfæra þá um að Ísland ætti enga framtíð nema afsala sér hluta af fullveldi og sjálfstæði styðja engin rök slíkar kenningar.

Bjartsýni landsmanna á fyrstu árum lýðveldisins og orð Ólafs Ragnars um árangur þjóðarinnar og hvatning hans til að ekki sé gert lítið úr þessum árangri, eins og stundum sé tilhneiging til, rímar vel við orð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra í nýlegu viðtali við Morgunblaðið: „Það má segja að á 70 ára afmæli lýðveldisins séum við enn að horfa til sömu hluta og við vorum að spá í árið 1944, það er ræktun lands og lýðs. En við höfum náð ótrúlegum árangri á þessum 70 árum og erum betur í stakk búin til að halda því áfram en við vorum þá."

Um leið furðaði Sigmundur Davíð sig á neikvæðri umræðu nú, borið saman við „framfaraandann sem var ríkjandi hér á millistríðsárunum og við lýðveldisstofnunina," og sem árangur þjóðarinnar hafi ekki síst byggst á.

Íslendingar hafa nú sem fyrr fulla ástæðu til bjartsýni og trú á framfarir og aukna velferð á öllum sviðum. Ísland hefur í sjötíu ár borið gæfu til að vera í senn fullvalda og sjálfstætt ríki og hefur það verið forsenda þeirrar velmegunar sem yngi kynslóðir Íslendinga taka orðið sem sjálfsögðum hlut en þeir sem eldri eru muna að berjast þurfti fyrir. Þess vegna eru lokaorðin í kvæðinu sem nefnt var hér í upphafi ekki síður viðeigandi nú en þegar þau voru fyrst birt:

Ísland sé blessað um aldanna raðir,
íslenzka moldin, sem lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á http://www.mbl.is/mogginn/leidarar/

Hafa keypt heimildir í ýsu fyrir 800 milljónir

FRÉTTASKÝRING



Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is

Það sem af er þessu ári hafa smábátakarlar leigt ýsu, sem er óhjákvæmilegur meðafli við þorskveiðar, fyrir um 800 milljónir króna úr stóra kerfinu yfir í krókaaflamarkskerfið. Þetta tekur í og ég var mjög óánægður með að ekki skyldi tekið tillit til þessa mikla kostnaðar þegar grunnur veiðigjalda var endurskoðaður í vetur. Ekki verður staðan betri á næsta ári því enn á að skera ýsukvótann niður samkvæmt tillögum Hafró. Til að ná þorskinum verðum við því að leigja enn meira á næsta fiskveiðiári, ef það verður þá yfirleitt mögulegt. Satt að segja óttast ég mjög uppsagnir til lands og sjávar í mörgum plássum allt frá Snæfellsnesi norður og austur um til Langaness."



Örn Pálsson

Svo mælir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda (LS), og segir vandann snerta sjómenn, beitingarfólk og fjölmarga aðra í mörgum sjávarplássum. Á þessu fiskveiðiári var ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um 38 þús. tonna hámarksafla í ýsu og fór ráðherra að þeim tillögum. Nú leggur stofnunin til að ýsuafli fari ekki yfir 30.400 tonn á fiskveiðiárinu 2014/15.

Fram kemur í ástandsskýrslu að ýsustofninn hafi minnkað hratt frá árinu 2006 samhliða því að stórir árgangar frá 1998-2006 hafi nær horfið úr stofninum og litlir árgangar komið í þeirra stað. Allir árgangar frá 2005, nema árgangur 2007, séu litlir og þrátt fyrir hóflegt veiðálag síðustu þrjú ár hafi stofninn minnkað. Hann minnki enn frekar þegar árgangur 2007 hverfi, en sá árgangur hafi staðið undir 43% aflans í fyrra.

Allt önnur upplifun

Örn segir að upplifun sjómanna sé allt önnur en fiskifræðinganna og smábátasjómenn hafi talið óhætt að veiða 50 þúsund tonn á síðasta ári. Þá segir Örn að vísbendingar hafi komið fram í haustralli um betri stöðu ýsustofnsins. Í kjölfarið hafi LS óskað eftir því að farið yrði yfir ráðgjöfina og það hafi verið ítrekað við ráðherra. Örn segist ekki sjá að neitt hafi verið gert með þessar upplýsingar, en í ástandsskýrslunni kemur fram að vísitalan úr stofnmælingu að hausti hafi lækkað minna en vísitalan úr vorralli og bendi til betra ástands stofnsins.

Örn segist meta sjónarmið sjómanna mikils, þeir hafi lífsviðurværi sitt af fiskveiðum og hagsmunir þeirra felist í því að ástand stofnanna í sjónum sé gott. Ekki aðeins hafi smábátasjómenn talað um ýsugengd því á togurum hafi ýsuafli einnig aukist síðustu 3-4 ár.

„Það var vitlaust gefið í upphafi kvótakerfisins þegar okkur var úthlutað 15% af aflamarki í ýsu," segir Örn.

„Síðustu ár hafa um 30% ýsuaflans verið veidd í krókaaflamarkskerfinu og við höfum leigt til okkar jafn mikið og við höfum fengið úthlutað. Auk þess hefur ýsan í auknum mæli fært sig norður fyrir land þar sem útgerðir eiga minna af aflaheimildum í ýsu vegna þess að minni veiðireynsla var í ýsu.

Alþingi raskaði aflamarkskerfinu í vor með því að gera grundvallarbreytingu á hlutdeild í úthafsrækju. Ýmsir í okkar röðum hafa lagt til að fyrst farið sé að raska þessu kerfi sé eins hægt að stokka upp heimildir í ýsunni. Þetta yrði gert í ljósi þess að veiðireynsla okkar síðustu ár er langt umfram úthlutaðar veiðiheimildir."

Ýsuafli
Landaður afli eftir veiðarfærum frá árinu 1982



Heimild/Hafrannsóknastofnun

VERULEGAR BREYTINGAR Á SÍÐUSTU ÁRUM

Meira af ýsu fer í vs-afla

Undanfarin þrjú fiskveiðiár hefur verið samdráttur í afla sem landað hefur verið sem vs-afla, en þá rennur stærsti hluti andvirðis aflans í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Við löndun vs-afla reiknast hluti aflans ekki til aflamarks skipsins.

Langmestu hefur verið landað af þorski og þannig var hlutur þorsks í vs-afla rúmlega 90% fyrir fimm árum. Á síðasta fiskveiðiári var hlutur þorsks kominn niður í 46,3% og er 48%, eða 1.070 tonn, það sem af er þessu ári.

Hlutur ýsu í vs-afla var um 5% fyrir áratug en hefur farið vaxandi og nálgast þorskinn. Það sem af er ári er hlutfall ýsu um 41%, eða 917 tonn.

Af frönskum lystisemdum

Ég held með Frökkum á HM í fótbolta og það af talsverðum tilfinningahita. Ég hvatti því mína menn áfram á Fésbók, á hinni hljómþýðu tungu frakkneskra, nema hvað, og setti mynd af liðinu í hausinn á síðunni minni þar. Þóttist nokkuð góður með frágenginn.



Jón Agnar Ólason

En góður vinur minn, sem er mér samferðamaður um uppáhaldslið í enska boltanum og hvaðeina, spurði mig hvers vegna í veröldinni ég héldi með Frökkum. Það kom á mig um stund, því fyrir mér kemur ekkert annað til greina. Styðja annað landslið? Fráleitt! Fyrir utan þá halarófu af hæfileikamönnum sem ég hef séð koma frá Frakklandi síðustu 30 árin eða svo – Platini, Papin, Pirès, Zidane, Henry, Makélélé og þannig mætti telja uns pistillinn er fullur – þá er bara svo ótalmargt við Frakkland sem gefur tilefni til að halda með landsliði þeirra.

En ég fór að hugsa með mér hvað ég gæti nefnt til að koma vini mínum á bragðið. Matseld? Jú, hún er afbragð. Tónlist? Margt af henni er framúrskarandi. Kvikmyndir! Þar kom það. Frakkland er réttnefnd vagga kvikmyndalistarinnar og því rakið að benda á franskt bíó til að sýna fram á réttmætt dálæti á Frakklandi. Þessa færð þú nú að njóta líka lesandi góður.

Le Salaire de la Peur (Vinnulaun óttans) er spennumynd frá árinu 1953 eftir snillinginn Henri-Georges Clouzot. Hún fjallar um fjóra menn, sem eiga það sameiginlegt að muna sinn fífil fegri í lífinu, sem ráða sig til þess hættuspils að aka tveim vörubílum af sprengiefni um holótta fjallvegi í Suður-Ameríku. Sálfræðitryllir sem eldist eins og eðalskoti.

Les Diaboliques (Hinir djöfullegu) er líka eftir Clouzot og hreint ekki síðri. Hún er um skólastjóra sem kemur jafn illa fram við eiginkonu sína og hjákonu svo þær taka höndum saman um að koma honum fyrir kattarnef. Eða hvað? Endalok þessarar myndar eru svo mergjuð að hún endar á texta sem biðlar til áhorfenda um að kjafta ekki frá þeim. Ógleymanlegt bíó!

Mon Oncle (1958) er eitt af helstu verkum meistara Jacques Tati og fjallar um hinn óborganlega Hr. Hulot og vandræði hans gagnvart nútíma eftirstríðsáranna. Samtöl eru í lágmarki, eins og iðulega, en sjónræni þátturinn þeim mun betur nýttur til að koma meiningum áleiðis, bæði með litum og lýsingu. Útkoman er drepfyndin og myndin fékk Óskarinn sem besta erlenda myndin.

L'Homme De Rio frá 1964 er sixtís hasarspenna eins og Frakkar einir (og kannski Ítalir líka) kunnu að gera. Einfaldur söguþráður með eltingaleikjum og sprenginum er allt sem maður þarf þegar hin íðilfagra Françoise Dorléac er í spilinu ásamt dæmigerðum Jean-Paul Belmondo í hlutverki breysku andhetjunnar, og stemning Ríó og arkitektúr Niemeyers í Brasilíuborg er í bakgrunninn.

Skiljið þið ekki betur núna hvers vegna ég held með Frökkum? Mig grunaði það. *jonagnar@mbl.is*